



Reykjavík, 31. október 2025

MSS25010051

Minnisblað um samráðsfund mannréttindaráðs

Á fundi mannréttindaráðs þann 30. október 2025, var lagt fram minnisblað mannréttindaskrifstofu dags. 22. september 2025, um samráðsfund mannréttindaráðs sem fram fór þann 4. september sl., sbr. 7. lið fundargerðar mannréttindaráðs sama dag. Samþykkt var að senda minnisblað um samráðsfund mannréttindaráðs til upplýsingar til skóla- og frístundaráðs, velferðarráðs og menningar- og íþróttaráðs.

Mannréttindaráð lagði fram svohljóðandi bókun:

Samtal við foreldra af erlendum uppruna er gífurlega mikilvægt fyrir menntun og velferð barna. Ljóst er að það er mikil þörf fyrir eflingu samstarfs við foreldra barna af erlendum uppruna með virkum hætti. Mannréttindaráð samþykkir að minnisblaðið verði sent til upplýsingar til skóla- og frístundaráðs, velferðarráðs og menningar- og íþróttaráðs og hvetur ráðin til þess að leggja áherslu á styðja þennan foreldrahóp og tryggja að þörfum þeirra sé mætt.

Óskað er eftir að meðfylgjandi minnisblað sé lagt fram til upplýsingar í skóla- og frístundaráði, velferðarráði og menningar- og íþróttaráði.

Elísabet Pétursdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Minnisblað



Reykjavík



Viðtakandi: Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar
Sendandi: Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar

Reykjavík, 22. september 2025
MSS25010051

MINNISBLAÐ

Samkvæmt starfsáætlun mannréttindaráðs 2025-2026 var haldinn samráðsfundur í Austurbæjarskóla þann 4. september 2025. Fundurinn var opin og fór fram undir yfirskriftinni: Hvernig er að vera foreldri af erlendum uppruna í Reykjavík. Flutt voru erindi Miðju máls og læsis, skóla- og frístundasviði; Móttaka, kennsla og þjónusta við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. Brúarsmiðir Miðju máls og læsis fluttu erindið; Upplýsingar og samskipti.

Meðfylgjandi er samantekt á þeirri umræðu sem fór fram á fundinum.

Óskað er eftir að minnisblaðið sé lagt fram til upplýsingar og umræðu á fundi mannréttindaráðs þann 30. október n.k.

Samantekt:

Foreldrapátttaka

- Erfitt að komast í samband við foreldraráð/skóla – sein svör. Of mikill munur á milli skóla
- Verkefnastjóri foreldrasamstarfs segir að þau séu meðvituð um þessa áskorun. Það er áskorun að fá erlenda foreldra til þátttöku í foreldraráðum. Foreldraráð þurfa að finna leiðir til að auka þátttöku og kynna starfið betur. Þetta á við um íslenska foreldra jafnt sem erlenda.
- Í flestum skólum þurfa foreldrar að bjóða sig fram til að starfa í foreldraráði.
- Foreldri bendir á að erfitt að komast að, eða koma sínu á framfæri, þegar tungumálakunnátta er takmörkuð. Það tekur tíma að melta upplýsingar, mynda sér skoðun og svo er umræðan komin allt annað þegar maður er tilbúinn að tjá sig.
- Brúarsmiður bendir á að Fellaskóli hefur farið þá leið að halda foreldra-happdrætti til að virkja fleiri foreldra til þátttöku og ná til fjölbreyttari hóps. Það eykur líkur á að ná til fleiri þátttakenda og nýjar áherslur í starfinu.
- Foreldri segir frá hvernig eigin þátttaka í foreldrastarfi hófst. Það gerðist þegar íslensk móðir tók viðkomandi með sér á fund. Það braut ísinn. Þá kom í ljós að það er auðvelt vera með í skipulagningu og skapar dýpri tengingar í nærsamfélagið.



Reykjavík



- Foreldri ítrekar vöntun á betri brú til erlendra foreldra; það séu eru engir beinir tengiliðir til að leita til með smærri spurningar, sem varða t.d. ýmis forrit, tölvupóst frá kennurum, o.þ.h.
- Formaður/fundarstjóri kjarnar þá ábendingu, að þörf er á fleiri snertiflötum og maður-á-mann samskiptum. Væri hægt að færa fundina nær fólkinu/foreldrum.

Upplýsingamiðlun

- Foreldri bendir á að það sé séríslenskt fyrirbæri að kynna umsjónarkennara ekki fyrr en á skólasetningu. Af hverju er þetta leyndarmál?
- Brúarsmiður bendir á að verið sé að prófa að nota gervigreind við þýðingu á t.d. námsáætlunum og athuga hvernig það þýðist yfir á markmálin
- Foreldri segir að erfitt sé að fá skýra heildarmynd af íslenska menntakerfinu, frá leikskóla upp í háskóla. Viðkomandi kynntist því með í gegnum samfélagsmiðla og eigið tengslanet.
- Foreldrar taka allir undir að þeim berist yfirdrifið magn af tölvupóstum, símaforritum og upplýsingum varðandi allt og ekkert. Grundvallaratriðin og gagnlegar upplýsingar týnast í upplýsingaflóðinu.
- Foreldri bendir á að íslenskan sé lykillinn að samfélaginu. Hún vekur þessa tilfinningu að maður tilheyri samfélaginu og sé hluti af því. Auðveldar aðgang að upplýsingum.

Brúarsmiðir og fræðsla í boði Miðju máls og læsis (MML)

- Brúarsmiður úr Hafnarfirði kynnir sig. Greinir frá því að þetta nýtt svið í sveitarfélaginu. Vísar að mögulegum verkefnum séu margir og óskilgreindir, en það séu jafnframt miklir möguleikar á mótun þeirra. Bendir á að í Hafnarfirði sé verkefnið tímabundið og háð fjárveitingu.
- MML býður upp á fræðslu um fjölmenningu, bæði fyrir skólastjórnendur og starfsfólk skóla, og erlenda foreldra.
- MML býður upp á fræðslu fyrir foreldra um fjölmenningsarsamfélagið á Íslandi þar sem rætt er um hvernig er að vera erlent foreldri í íslensku skólasamhengi.
- Menningarsendiherra stígur fram og óskar eftir slíkri fræðslu fyrir Hólabrekkuskóla.
- Brúarsmiður og foreldri velta upp spurningunni hvort slíkt námskeið eigi að vera hluti af inngildingu, s.s. skylda fyrir foreldra með barn í skóla.
- Foreldri segist vera að nýta flestar samfélags- og félagslegar tengingar og vera vel upplýst en sé samt að heyra margt nýtt hér á fundinum. Nefnir þjónustu Miðju máls og læsis í því samhengi. Veltir upp þeirri spurningu hvort hægt væri að vera með eins konar skólahandbók á reykjavik.is? T.d. verkfærakistu, foreldraráð, o.fl.
- Foreldri stingur upp á að samantekt á úrræðum ætti að vera send til allra foreldra ásamt hlekkjum á nauðsynlegar síður. Bendir á að erfitt sé að ná tali af starfsfólki hjá borginni varðandi skráningu á nýjum tómsbundanámsskeiðum. Hlekkir á vefsíðunni reykjavik.is séu flestir óvirkir, úreldir eða í vinnslu.





Brottfall úr skóla og möguleikar fyrir erlenda nemendur á framhaldsnámi

- Frístundatengiliður spyr hvort það séu til tölfræðiupplýsingar um brottfall nemenda eftir að skyldunámi lýkur. Mikill fjöldi erlendra drengja hætti snemma í framhaldsnámi eða byrji hreinlega aldrei, og geti ekki mætt kröfum framhaldsskóla. Mikil aukning sé í hópi ungmenna sem eru hvorki í námi né vinnu. Mikill skortur sé á fyrirmyndum með svipaðan menningarbakgrunn/af sama þjóðerni starfandi í skólakerfinu. Bendir á að þetta sé alvarleg þróun sem ekki sé veitt athygli né brugðist við að ráði. Mjög takmarkað framboð sé af ungmennaverkefnum sem stuðli að því að virkja ungt fólk. Sár þörf sé á átaki og hagnýtri nálgun.
- Foreldri svarar síðasta könnun varðandi slíka tölfræði sé síðan 2014.
- Fulltrúi í Mannréttindaráði svarar að til sé ný tölfræði, nú séu um 1500 einstaklingar á aldrinum 16-24 ára sem eru hvorki í námi né vinnu. Minnst er á svokallað Selfoss-módel er varðar hagnýta og persónulega nálgun sem gaf góðan árangur. Fram kemur að verið sé að taka saman tölfræði um þennan hóp.
- Menningarsendiherra bendir á að fleiri framhaldsskólar bjóði nú upp á ÍSAT-brautir (Íslenska sem annað tungumál) en það vanti aukna möguleika fyrir þessa nemendur til að geta haldið áfram námi eða valið sér nám. Skyldu-undanfarar eru erfiðir og takmarka val. Einnig er hver kennari með marga nemendur, sumir eru t.d. með 30 nemendur í tíma.

Boðun á fundinn

- Foreldrar spyrja hvernig boðun á þennan opna samráðsfund var háttað. Starfsmaður Mannréttindaskrifstofu greinir frá að gerður var opinn viðburður á Facebook-síðu Reykjavíkurborgar, áheyrnarfulltrúar ráðsins hafi auglýst viðburðinn og sent á málahópa samtakanna Móðurmál og W.O.M.E.N. Foreldraráð Austurbæjarskóla hafi sent boð á fundinn til allra foreldra í Austurbæjarskóla í gegnum árgangasíður á Facebook og svo foreldraráð skólans. Einnig var haft samband við Miðju máls og læsis, brúarsmiði, Menningarsendiherra, fulltrúa Heimilis og skóla, og verkefnastjóra foreldrasamstarfs.
- Fundargestir voru samtals um 40 manns.
- Bent er á að ekki var hjólastólaaðgengi í fundarsalinn og fundurinn því ekki aðgengilegur fyrir öll.

Virðingarfyllst,
Íris Björk Kristjánsdóttir
Mannréttindaskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla

Hjálagt:
Dagskrá



Hvernig er að vera foreldri af erlendum uppruna í Reykjavík

Opinn fundur mannréttindaráðs

4. september 2025 kl. 16-18 í Austurbæjarskóla, Bíósalur 1. hæð

1. Setning fundar. MSS25010051

Sabine Leskopf formaður mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar

2. Móttaka, kennsla og þjónusta við nemendur með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn. MSS25010051 - kynning

Dagbjört Ásbjörnsdóttir, verkefnastjóri fjölmennningar og Dröfn Rafnsdóttir, deildarstjóri Miðju máls og læsis, skóla- og frístundasviði

3. Upplýsingar og samskipti. MSS25010051 - kynning

Oksana Shabatura og Krzysztof Andrzej Osmialowski

Brúarsmiðir Miðju máls og læsis, skóla- og frístundasviði

4. Umræður og samantekt. MSS25010051